



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kynningarbréf á rannsókninni:

Þýðing á 5-D kláðakvarða

Ágæti viðtakandi

Tilgangur þessa bréfs er að óska eftir þátttöku þinni í rannsókn á þýðingu matskvarðans 5-D kláðakvarði sem ætlaður er fyrir mat á kláðaeinkennum.

Tilgangur rannsóknarinnar

Tilgangur rannsóknarinnar er að þýða kvarða sem metur kláða en í þessum hluta rannsóknarinnar er óskað eftir þátttakendum til að kanna skilning á orðalagi og innihaldi kvarðans.

Þátttakendur

Haft var samband við Asthma- og ofnæmisfélag Íslands og auglýst eftir þátttakendum í gegnum tölvupóst og miðla félagsins.

Hvað felst í þátttöku ?

Í þátttöku felst að hitta rannsakanda einu sinni, lesa yfir og svara spurningum kláðakvarðans og lýsa jafnóðum upphátt skilningi sínum á innihaldi, orðalagi og framsetningu efnisins. Frekari upplýsingar um staðsetningu á viðtali fæst þegar nær dregur. Áætlað er að halda viðtölin um miðjan júní. Hægt verður að skrá sig á viðtöl í gegnum hlekk sem sent verður í gegnum tölvupóst á þátttakendur. Viðtalið verður hljóðritað og mun taka um hálfa til eina klukkustund. Það verður vistað í tölvu undir rannsóknarnúmeri/dulnefni og eytt af upptökutækinu að því loknu. Niðurstöður verða skoðaðar og birtar út frá öllum þeim sem taka þátt í rannsókninni en ekki hverjum einstaklingi fyrir sig. Persónugreinanlegum upplýsingum verður ekki safnað.

Áhætta/ávinningur

Ekki er talið að því fylgi áhætta að taka þátt í rannsókninni. Ávinningur af þátttöku felst fyrst og fremst í því að niðurstöðurnar nýtast til þróunar kvarða sem metur kláða. Allar upplýsingar verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Ekki er greitt fyrir þátttöku í rannsókninni.

Ábyrgðarmaður rannsóknar

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Sigríður Zoëga, PhD, dósent við Háskóla Íslands og sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala. Hægt er að hafa samband við Sigríði í síma 543-5253 eða með tölvupósti á netfangið szoega@hi.is. Einnig er hægt að senda henni bréf á Eiríksgötu 34, 101 Reykjavík. Meðrannsakendur eru Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala og lektor við Háskóla Íslands og Þórunn Sighvatsdóttir hjúkrunarfræðingur, en rannsóknin er meistaraverkefni hennar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

Réttur til að hafna og hætta þátttöku

Þú hefur fullan rétt til að hafna eða hætta þátttöku í þessari rannsókn hvenær sem er og án nokkurra útskýringa.



Sigríður Zoëga, ábyrgðarmaður rannsóknar